



Fréttabréf  
forseta í  
september 2017

Kæru formenn

Takk fyrir góðan framkvæmdaráðsfund. Það er mikils virði fyrir stjórnina að geta átt samræður við ykkur við undirbúning fyrir vetrarstarfið. Einkunnarorð stjórnarinnar fyrir kjörtímabilið hafa verið valin og eru „**Beinum sjónum inn á við og látum starfið blómstra**“. Þessi setning lýsir vel því sem við teljum líklegast til að efla samtökin okkar eins og staðan er núna. Við verðum sífellt að minna okkur á að við sjálfar, konurnar í deildunum, erum kjarninn í starfinu og hann þarf að rækta. Ef vel tekst til með það ætti starfið hjá okkur að blómstra. Framkvæmdaáætlunin sem kynnt var á fundinum er nú komin á vefinn á slóðinni <https://www.dkg.is/is/stjorn-og-nefndir/framkvaemdarad/2017-2019>. Í þessari áætlun eru tvö verkefni sem leggja talsverða vinnu á formenn deildanna. Það er annars vegar að senda á okkur ábendingar um efni sem konur í deildunum eru að senda frá sér og svo hins vegar að hjálpa okkur að búa til listann yfir umfjöllunarefni sem konur í DKG eiga í fórum sínum og eru tilbúnar að vera með sem fyrirlestra eða kynningar. Þessi listi er hugsaður til að auðvelda okkur að koma DKG konum á framfæri þegar verið er að skipuleggja ráðstefnur eða aðrar kynningar. Ég bið ykkur að byrja strax að skoða þetta með konunum í ykkar deildum og senda upplýsingar á netfangið [jona.dkg@gmail.com](mailto:jona.dkg@gmail.com). Samantekt úr umræðunum á fundinum verður svo send ykkur fljótlega.

Vegna umræðunnar um félagsgjöld og aukaaðild á framkvæmdaráðsfundinum er rétt að benda á að lög DKG eru alveg skýr með þetta, þar stendur:

Virkar félagskonur eru konur sem starfa að menntamálum þegar þær eru teknar inn í samtökin eða konur sem hafa látið af störfum í menntageiranum. Virkar félagskonur skulu taka fullan þátt í störfum samtakanna. Aukafélagskonur eru konur sem áður hafa verið virkar félagskonur, en eru ófærar um að taka að fullu þátt í starfinu af heilsufarsástæðum og/eða vegna búsetu. **Heimild til að gerast aukafélagskona er veitt með meirihluta atkvæða deildar.** Aukafélagskona getur orðið virk félagskona að nýju án atkvæðagreiðslu. Árgjöld: Allar virkar félagskonur og **aukafélagskonur** greiða árgjald til deildar, landssambands og alþjóðasamtaka.

Í þessu fyrsta fréttabréfi stjórnarinnar viljum við líka kynna nýjar fastanefndir samtakanna. Þessar nefndir starfa næstu tvö ár, formaður nefndarinnar er efstur og hann sér um að boða fyrsta fund. Lýsingar á starfssviðum nefndanna má finna á síðunni okkar undir hlekknum <https://www.dkg.is/is/stjorn-og-nefndir> og einnig er vísað til þeirra um sum atriði í framkvæmdaáætluninni.

Laganefnd	Samskipta- og útgáfunefnd	Félaga- og útbreiðslunefnd	Námsstyrkjanefnd	Menntamálanefnd
Sigrún Ásta Jónsdóttir, Þeta	Ingibjörg Þorleifsdóttir, Epsilon	Sigríður Guðnadóttir, Epsilon	María Steingrimsdóttir, Beta	Jenný Gunnbjörnsdóttir, Mý
Ragnhildur Þórarinsdóttir, Gamma	Guðrún Þórána Jónsdóttir, Epsilon	Elín Elísabet Magnúsdóttir, Beta	Steinunn Guðmundsdóttir, Iota	Sigríður Ruth Magnúsdóttir, Zeta
Björk Einisdóttir, Gamma	Elínborg Sigurðardóttir, Epsilon	Svana Friðríksdóttir, Gamma	Elín Rut Ólafsdóttir, Þeta	Guðrún Ásgeirsdóttir, Zeta
				Guðrún Þórána Jónsdóttir, Epsilon

Jensína Valdimarsdóttir hefur samþykkt að vera gjaldkeri áfram og Auður Torfadóttir lögsögumaður. Ég þakka öllum þessum konum fyrir að taka svona vel í beiðnir um að vinna fyrir DKG og hlakka til að vinna með þeim næstu tvö árin.



Vorþing DKG 2018 verður haldið þann 5.maí á Egilsstöðum. Mikið væri nú gaman ef okkur tækist að hafa þar frábæra mætingu. Það er nefnilega svo gaman þar sem konur eru saman að fjalla um menntamál. Tilboð vegna gistingar verður sent ykkur mjög fljótlega og enn er hægt að fá ódýr flugfargjöld.

Næsta alþjóðþing verður í Austin í Texas 16.-20. júlí 2018 og næsta Evrópuráðstefna verður hjá okkur og höfum við fengið úthlutað vikunni 21.-27.júlí 2019 fyrir fjögurra daga dagskrá, einn og hálfur dagur er ætlaður fyrir ýmiskonar námskeið sem samtökin standa fyrir og tveir og hálfur fyrir hina formlegu ráðstefnu. Þetta er stórt verkefni sem er frábært að nýta til að efla starfið í deildunum með ýmsum hætti.

Bestu kveðjur að vestan

Jóna

